

Landsyfirréttardómar 1902.

Mánudaginn 24. febrúarmánaðar.
Nr. 48/1901.

Réttvísinn
gegn
Ólafi Ólafssyni.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Sudurmúlasýslu, gengnum 12. aprílmánaðar f. á., var hinn ákærði, vinnumaður Ólafur Ólafsson, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í héraði til prófasts Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar, 4 kr. En dómi þessum er að ósk hins dómfelda áfrýjað af réttvísinnar hálfu til yfirdómsins.

Ákærði var í nóvembermánuði 1898, er hann framdi verknað þann, er hann er ákærður fyrir, vinnumaður á Rannveigarstöðum í Álftafirði, og var samvista honum þar stúlka að nafni Helga Halldórsdóttir, og höfðu þau, ákærði og hún, verið trú-

lofuð, en stúlkan síðan sagt honum upp. Ákærði hafði, meðan á trúlofuninni stóð, gefið unnustu sinni ýmsa muni, og heimtaði hann þá aftur af henni, er trúlofunin var rofin, og sagði hún að hann mætti fá þá, en afhenti honum þá þó aldrei. Ákærði undi þessu illa, og um kveldið 3. nóvbr. 1898, er Helga var eigi heima, fór hann leynilega í koffort hennar, sem virðist hafa verið ólæst, og stóð í svefnherbergi hans, og tók úr því sjalklút, vasaklút og sálmabók, sem hann hafði gefið henni, meðan þau voru trúlofuð, en auk þess kvennsparjar (íleppa), 15 aura virði. Þegar ákærði hafði tekið muni þessa úr koffortinu, lagði hann koffortið aftur, og tók að aðgæta nánara það, er hann hafði tekið, og datt þá innan úr sjalklútnum buddu með 4 kr. 60 a. eða 4 kr. 80 a. í, sem hann hafði eigi veitt eftirtekt fyrir, og datt honum þá í hug, að taka einnig budduna og peningana, sem í henni voru, upp í það sem hann hafði eigi fengið aftur af því, sem hann hafði gefið Helgu.

Það verður að fallast á það, er undirdómarinn hefir álitid, að ákærði hafi eigi orðið sekur í þjófnaði fyrir það, að taka sjalklútinn, vasaklútinn og sálmabókina, því að Helga hafði, eins og fyrir er sagt, samþykkt, að ákærði mætti fá gjafir þessar aftur og var því sjálfstaka ákærða á þeim eigi þjófnaður. Aftur á móti getur það eigi orðið til afsökunar fyrir ákærða, með tilliti til tökunnar á peningabuddunni og kvennsparjunum, að hann þóttist eiga óendurgoldnar gjafir hjá Helgu, og verður því að dæma hann sekan í þjófnaði fyrir tökuna

á þessum munum, og þykir refsingin fyrir athæfi þetta hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð, samkv. 230. gr. alm. hegningarlaga. Það ber því að staðfesta refsingarákvæði undirréttardómsins, svo og ákvæði hans um málskostnað, en um iðgjöld er ekki að ræða í málinu, með því að hinum teknu munum hefir verið skilað aftur eiganandanum. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóm-inum, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins í héraði er það að athuga, að málið hefir verið rekið og dæmt fyrir lögreglu-rétti, en þar sem með það hefir verið farið að öllu leyti sem aukaréttarmál, hefir eigi þótt þurfa að ónýta málið fyrir þá sök. Svo hefir undirdómarinn að nauðsynjalausulátið hjáliða að útvega skirn-arvottorð hins ákærða, og er það aðfinningarvert, en eftir atvikum málsins þykir þó mega við svo búið standa, þar eð eigi er vafi á því, að ákærði hafi verið kominn yfir lögaldur sakamanna, er hann framdi brotið. Málsfærslan fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera.

Ákærði Ólafur Ólafsson sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan af málinu bæði í héraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningulaun til verjanda í héraði, prófasts Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar, 4 kr., og til sækjanda og

verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 16/1901.

Halldór Bjarnarson
gegn

Jóhönnu Bjarnardóttur, Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni, Vilborgu S. Guðmundsdóttur og Jakobínu Jónsdóttur.

D ó m u r:

Mál þetta höfðuðu hin stefndu í héraði gegn áfrýjandanum, prestinum Halldóri Bjarnarsyni að Presthólum samkvæmt 225. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir meiðyrði um mann, föður og bróður þeirra látinn, Guðmund hreppstjóra Jónsson á Grjótnesi, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 12. ágúst 1899 þannig, að áfrýjandinn samkvæmt 217. gr. hegningarlaganna, sbr. við 225. gr. þeirra, var dæmdur í 50 kr. sekt til lands sjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 15 daga; svo var hann og dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs fyrir óþarfa málsýfingu og til að greiða stefndu 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 1. apríl f. á. og hefir hann krafist þess, fyrst og fremst, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og hin stefndu skyld-